

Þingflokksfundur Pírata, mánudaginn 6. febrúar 2017, kl. 13.

Fundinn sátu: Ásta Guðrún Helgadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Björn Leví Gunnarsson, Einar Brynjólfsson, Halldóra Mogensen, Jón Þór Ólafsson, Smári McCarthy, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, Viktor Orri Valgarðsson og Jón Þórisson. Einnig sat fundinn Andri Þór Sturluson. Gunnar Ingiberg Guðmundsson boðaði forföll. Berglind ritar fundargerð.

Nr. 7/2017

1. Fundargerð

Fundargerð frá 1. febrúar var samþykkt.

2. Bréf af þingflokksformannafundi

Ásta Guðrún gerði grein fyrir fundi þingflokksformanna og fór yfir drög að dagskrá vikunnar.

3. Bréf af forsætisnefndarfundi

Jón Þór gerði grein fyrir fundi forsætisnefndar. Óskað var eftir því að fyrirhugaður fundur Women in Parliaments verði sett á dagskrá næsta þingflokksfundar. Einnig var óskað eftir að þingskapanefnd verði rædd á næsta þingflokksfundi.

4. Dagskráin í dag og framundan

Þórhildur Sunna hyggst ræða við dómsmálaráðherra í óundirbúnum fyrirspurnartíma í dag. Ákveðið var að Björn Leví taki báðar ræðurnar í sérstökum umræðum í dag um verklag við opinber fjármál. Birgitta og Þórhildur Sunna standa þingvakt í dag og taka þátt í umræðum um framsal íslenskra fanga. Smári, Þórhildur Sunna og Einar standa þingvakt á morgun. Ásta Guðrún minnti að lokum á störf þingsins á morgun.

5. Kosning í stjórnir, nefndir og ráð

Þingflokkurinn samþykkti samhljóða tilnefningar í landskjörstjórn og yfirkjörstjórnir Norðausturkjördæmis og Suðurkjördæmis. Tilnefningar í yfirkjörstjórnir Reykjavíkurborgar norður og suður, Suðvesturkjördæmis og Norðvesturkjördæmis lágu ekki fyrir. Tilnefning í stjórn Grænlandssjóðs var rædd. Tilnefningar í nefnd um erlendar fjárfestingar og Bankaráð seðlabanka Íslands voru samþykktar samhljóða.

6. Tilnefning í nefnd um endurskoðun þingfarakaups

Samþykkt samhljóða að tilnefna Jón Þór Ólafsson. Berglind sendir tilkynningu þess efnis.

7. Þriðja forgangsmál þingflokks Pírata

Samþykkt samhljóða að þriðja forgangsmál Pírata verði þingsályktun sem Einar er með í vinnslu og verður lögð fram á næstunni ásamt frumvarpi Björns Levís um aukinn aðgang að fyrirtækjaskrá (116. mál) og frumvarpi Jóns Þórs um upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra (70. mál).

8. Brief úr nefndum

Farið var yfir stöðu mála í nefndum.

8. Önnur mál

Ásta vakti athygli á ljósmyndatöku á miðvikudaginn. Jón Þór ræddi tillögu að sérstökum umræðum. Rætt var stuttlega um fjölmiðlafyrirspurnir og vakin var athygli á tillögu varðandi sjómannaverkfallið. Rætt var um meðflutning á þingmáli. Óskað var eftir að ræða frekar meðflutning á þingmálum á næsta þingflokksfundi. Einnig var óskað eftir umræðu um áfengisfrumvarpið á næsta þingflokksfundi. Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 15.54.